

## FJÁRMÁLAFRÆÐSLA Í EFSTA STIGI GRUNNSKÓLA

# Efla fjármálalæsi og skapa umræðu

Fjármálavit er kennsluefni sem Samtök fjármálafyrirtækja hafa verið að þróa í vetur. Verkefnið er hugsað fyrir nemendur á efsta stigi grunnskóla en hugsunin er líka sú að kennarar geti nýtt verkefnið í frekari kennslu um fjármál.

Kristín Lúðvíksdóttir, verkefnastjóri Fjármálavits, segir Fjármálavit hluta af stærri viðburði sem kallast Evrópsk peningavika. Þar er áhersla lögð á eflingu fjármálalæsi með ýmsu móti, að vekja athygli og skapa umræðu um fjármálafræðslu og á þörfina fyrir að efla fjármálalæsi hjá ungu fólki.

„Við höfum orðið vör við að krakkar á þessum aldri hafa mikinn áhuga á að fræðast um fjármál og kalla eftir því. Ég held jafnvel að þau séu meðvitaðri í dag en áður hefur tíðkast. Kannski vegna þess að það eru bæði meiri freistingar og meiri þrýstingur. Þú þarft helst að eiga nýjasta símann, skóna eða úlpuna. Maður finnur á þeim að þau eru mjög jákvæð og móttækileg fyrir hvers konar fræðslu um fjármál,“ segir Kristín en hún segir jafnframt Samtök fjármálafyrirtækja hafa látið sig fjármálalæsi

varða í þónokkuð langan tíma og unnið með stjórnvöldum að því að finna leiðir; hvernig auka megi fjármálalæsi nemenda og ungs fólks í dag. Fyrirmyndin kemur frá samtökum fjármálafyrirtækja í Hollandi sem hafa gert þetta lengi og heimsótt skólana með efni.

Fjármálavit leggur áherslu á að kynna skemmtilegt efni í formi myndbanda og eru þetta sex stutt myndbönd þar sem fjallað er um fjármál á liflegan máta.

„Í myndböndunum leika þrír hressir krakkar, Arnór og Óli Gunnar sem slógu í gegn í Gaf-araleikhúsinu síðasta vetur og Andrea Marín sem lék meðal annars Viggju í Fólkinu í blokkinni,“ segir Kristín. Í myndböndunum talar Páll Óskar einnig til krakka-anna. Hann sendir þau skilaboð að það skipti máli að byrja snemma að skipuleggja fjármálin og setja sér markmið.

„Við segjum krökkunum að setja sér markmið og eiga fyrir því sem þau kaupa sér. Í ljósi þess er mikilvægt að byrja snemma að skipuleggja fjármálin og hugsa fram í tímann.“

